Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
150 Reykjavík

Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 1. september 2016
Tilvísun: 2016081192VEL/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um gjaldeyrismál, 826. mál.

1.

Persónuvernd vísar til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 19. ágúst 2016 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um gjaldeyrismál (þskj. 1556, 826. mál á 145. löggjafarþingi).

Framangreint frumvarp er liður í áætlun stjórnvalda um losun fjármagnshafta sem var birt opinberlega í júní 2015. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um gjaldeyrismál og lögum um Seðlabanka Íslands sem sagðar eru tryggja Seðlabanka Íslands viðeigandi úrræði til að afla upplýsinga og gagna svo að hann geti stuðlað að verðlags- og fjármálastöðugleika í samræmi við hlutverk hans.

2.

Eftirlitsheimildir Seðlabanka Íslands

Í 12. gr. frumvarpsins er lagt til að rýmka núgildandi heimildir Seðlabanka Íslands til upplýsingaöflunar svo að þær taki einnig til fjármagnshreyfinga á milli landa, en ekki eingöngu til gjaldeyrisviðskipta, sbr. a-lið 12. gr. frumvarpsins. Einnig er gert ráð fyrir aukinni upplýsingaskyldu til að Seðlabanki Íslands geti sinnt öðrum viðfangsefnum sem samræmast hlutverki hans, svo sem að stuðla að verðlags- og fjármálastöðugleika, sbr. b-lið 12. gr. frumvarpsins.

Af ákvæði 12. gr. frumvarpsins verður ekki annað ráðið en að tryggja eigi heimildir Seðlabanka Íslands til eftirlits með gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingum á milli landa af hálfu

einstaklinga og lögaðila. Í slíku eftirliti getur falist vinnsla persónuupplýsinga sem þarf að vera í samræmi við ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar og lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Persónuvernd bendir á að ekki skuli auka eftirlitsheimildir stjórnvalda gagnvart einstaklingum umfram það sem nauðsynlegt er og að undangengnu hagsmunamati. Við slíkt hagsmunamat þarf að vega og meta hvort nauðsynlegt sé að skerða stjórnarskrárbundinn rétt einstaklinga til friðhelgi einkalífs í þágu fjármálastöðugleika og þá hversu mikið. Því meiri íhlutun í einkalíf einstaklingsins sem umrædd vinnsla hefur í för með sér, þeim mun ótvíræðari þarf lagaheimildin að vera. Í þessu felst að löggjafinn hafi í raun tekið tillit til þeirra almennu persónuverndarsjónarmiða sem á reynir en engu að síður talið vinnsluna nauðsynlega vegna almannahagsmuna. Framangreint þarf að hafa í huga við lagasetningu á þessu sviði.

3.

Lagatæknileg atriði

Persónuvernd bendir á að 1. mgr. 13. gr. p og 14. gr. laga nr. 87/1992, með þeim breytingum sem nú eru lagðar til, eru að mörgu leyti samhljóða. Í ljósi sjónarmiða um gagnsæi og skýrleika lagaheimilda sem kveða á um vinnslu persónuupplýsinga telur Persónuvernd rétt að skoða hvort unnt sé að sameina greinarnar í eitt ákvæði.

Þá telur Persónuvernd að ákvæði b-liðar 12. gr. sé óþarft, enda er lagt til í frumvarpinu að sambærilegt ákvæði verði sett í lög nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands. Það er skilningur Persónuverndar að lög nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, fjalli eingöngu um gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa, en um verðlags- og fjármálastöðugleika er fjallað í lögum nr. 36/2001, sbr. 3. og 4. gr. þeirra laga og því fari betur á því að um skyld atriði sé fjallað í sömu löggjöf.

F.h. Persónuverndar,

Helga Þórisdóttir Vigdís Eva Líndal